

Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Garðabær, 28.11.2024
Málsnúmer: 202410-0061
MH

Efni: Skipulagslýsing fyrir aðalskipulag Húnabyggðar 2025–2037

Vísað er til erindis Húnabyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 28. október 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Húnabyggðar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að í henni komi fram það helsta sem fjalla þarf um við endurskoðun aðalskipulagsins. Stofnunin vill á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun telur jákvætt að við endurskoðun aðalskipulags verði tekið mið af öðrum áætlunum og stefnuskjölum sem tengjast gerð og framkvæmd nýs aðalskipulags, þar á meðal landsskipulagsstefnu og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stofnunin leggur til að sveitarfélagið nýti tækifærið nú og setji sér skýra stefnu um verndun náttúru, sjálfbæra nýtingu auðlinda og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og innleiði hana í áherslur aðalskipulagsins. Sveitarfélög gegna lykilhlutverki, sérstaklega með skipulagsskyldu sinni, í baráttunni gegn hnignun líffræðilegrar fjölbreytni, sem er ein stærsta umhverfisvá samtímans, og tengist áhrifum loftslagsbreytinga.

Náttúrufræðistofnun bendir á að í lögum um náttúruvernd er að finna ýmis ákvæði sem veita leiðbeiningar um verndun náttúruminja, þar á meðal lífríkis, jarðminja og landslags. Stofnunin leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi greinar og kafla laganna:

1. Markmið laganna (1.–3. gr.):

1. gr.: Almenn markmið um náttúruvernd.
2. gr.: Verndarmarkmið er varða lífríki.
3. gr.: Verndarmarkmið er lúta að jarðminjum, vatnasvæðum, landslagi og víðernum.

2. Meginreglur um náttúru- og umhverfisvernd (6.–12. gr.):

Grundvallarreglur sem þarf að taka mið af í skipulags- og matsvinnu.

3. Hlutverk náttúruverndarnefnda (14. gr.):

Um ábyrgð og hlutverk nefnda á sviði náttúruverndar.

4. Réttindi almennings (IV. kafli):

Reglur um aðgang almennings að náttúrunni.

5. Friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda (IX. kafli), þ. á m.:

61. gr.: Sérstök vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.
63. gr.: Reglur um innflutning framandi lífvera.

6. Skipulagsgerð og framkvæmdir (XII. kafli):

Fjallar um gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins og hugsanlegra framkvæmda m.t.t. allra framangreindra lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki

Náttúrufræðistofnun bendir enn fremur á að á vef stofnunarinnar, www.ni.is, er að finna ýmsar upplýsingar og gögn um náttúru Íslands sem geta komið að notum, m.a.:

Vistgerðir á Íslandi, fjölrit nr. 54 (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)

Mikilvæg fuglasvæði, fjölrit nr. 55 (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf)

Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi – kortasjá (<https://vistgerdakort.ni.is/>)

Innan sveitarfélagsins eru friðlýst svæði, aðrar náttúruminjar á náttúruminjaskrá, svæði tilnefnd á B-hluta náttúruminjaskrár og náttúruminjar sem njóta verndar skv. 61. greinar laga nr. 60/2013, einkum votlendi, eldhraun, fossar og laugar. Innan votlendisins er að finna vistgerðir með mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, m.a. rústamýravist sem er sjaldgæf á heimsvísu. Huga þarf vandlega að skipulagi og framkvæmdum sem geta raskað þessum verndarsvæðum og náttúrufyrirbærum.

Í sveitarfélaginu eru nokkrir fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda sem eru friðaðar samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021 og/eða skráðar á valista. Við skipulagsáform á eða nærri þessum fundarstöðum þarf að tryggja vernd þessara tegunda. Náttúrufræðistofnun býðst til að veita frekari ráðgjöf um þetta atriði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

